

stjóri, en dráttur hefur orðið á uppkvaðningu dómsins vegna fjarveru eins dómarsins úr bænum.

Dómsorð:

Stefndu, Guðmundur Albertsson, Miðtúni 4, Reykjavík, og Hörður G. Albertsson, Litlagerði 4, Reykjavík, greiði in solidum stefnanda, Jóni Gíslasyni s/f, Hafnarfirði, kr. 453.388.10 auk 6% ársvaxta frá 28. október 1965 til 1. janúar 1966 og 7% ársvaxta frá þeim tíma til greiðsludags og kr. 60.500.00 í málskostnað. Dóminum ber að fullnægja innan 15 daga frá lögbirtingu hans að viðlagðri aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1969.

Nr. 210/1968. **Ákærvaldið**

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegna

Ole Nordman Olsen

(Einar B. Guðmundsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarsar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

I. Akstur ákærða 23. apríl 1967.

Vitnið Ólafur Ægir Ólafsson sjómaður kveðst hinn 23. apríl 1967 hafa séð ákærða aka bifreiðinni Í 1100 á Ísafirði í átt til hafnarinnar, þar sem hann hefði „snarstöðvað bifreiðina á kantbrúninni“. Vitnið, sem sýndist ákærði með áhrifum áfengis, gerði lögreglumanni viðvart um það og gálausan akstur ákærða. Er lögreglumennirnir Kristján Jón Kristjánsson og Oddur Oddsson því næst komu á vettvang, sat ákærði ölvaður undir stýri bifreiðar sinnar. Samkvæmt vætti lögreglumannanna játaði ákærði fyrir þeim, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann ók „niður á höfn“. Er

ákærði hinn 24. maí 1967 kom fyrir sakadóm, kvaðst hann í fyrstu „ekki minnst þess“, að hann hefði neytt áfengis, áður en hann hóf aksturinn, en hann taldi sig hins vegar hafa drukkið um háflösku af sterku víni í bifreiðinni eftir að hafa stöðvað hana á hafnarbakkanum. Í lok þinghaldsins staðhæfði ákærði loks, að hann hefði ekki drukkið vín, áður en umræddur akstur hófst. Ákærði kvaðst halda, að hann hefði að lokinni drykkju kastað víNFLösku sinni í sjóinn. Lögreglumenn urðu áfengis eða flösku eigi varir í bifreið ákærða né fórum hans. Vitnið Ólafur Ægir, er áður getur, kveðst ekki hafa séð ákærða neyta vins, „á meðan hann sat í bílnum“. Vitnið Guðjón Loftsson, sem ákærði kvaddi til viðtals við sig í bifreiðinni og sat þar um stund, sá ákærða ekki hafa vín um hönd. Framangreind vitni hafa öll staðfest vætti sitt með eiði. Áfengismagn í blóði, er ákærða var tekið þegar eftir handtöku hans nefndan dag, reyndist 1.9‰, eins og í héraðsdómi greinir. Þegar virt eru sakargögn og allar aðstæður, þykir verða við það að miða, að ákærði hafi við aksturinn verið með áhrifum áfengis í þeim mæli, að við lagaboð varði, eins og í ákæru segir.

II. Akstur ákærða 30. júní 1967.

Háttsemi ákærða, sem hér er um að tefla, er með skírskotun til forsendna héraðsdóms færð þar til réttra refsí-
ákvæða.

III.

Samkvæmt því, sem rakið var, ber að staðfesta niðurstöðu héraðsdóms.

Ákærði greiði allan kostnað af áfrýjun málsins, þar með talin saksóknarlaun í ríkissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, kr. 8.000.00.

Það er aðfinnsluvert, að lögreglumenn þeir, sem handtöku ákærða, framkvæmdu ekki leit eftir áfengi í bifreið hans.

Dómsorð:

Hinn áfrýjaði dómur er staðfestur.

Ákærði, Ole Nordman Olsen, greiði kostnað af áfrýjun

málsins, þar með talin saksóknarlaun í rikissjóð, kr. 8.000.00, og laun verjanda síns, Einars B. Guðmundssonar hæstaréttarlögmanns, kr. 8.000.00.

Dóminum ber að fullnægja með aðför að lögum.

Dómur sakadóms Ísafjarðar 5. ágúst 1968.

Ár 1968, mánudaginn 5. ágúst, var í sakadómi Ísafjarðar, sem haldinn var af Jóhanni Gunnari Ólafssyni bæjarfógeta, kveðinn upp dómur í máli þessu, sem dómtekið var 10. júlí s.l.

Mál þetta er höfðað af saksóknara ríkisins með ákæru, dags. 20. desember 1967, gegn Ole Nordman Olsen framkvæmdastjóra, Fjarðarstræti 59, Ísafirði, fyrir að aka sunnudaginn 23. apríl og föstudaginn 30. júní 1967 undir áhrifum áfengis bifreiðinni Í 1100 um götur á Ísafirði, í fyrra skiptið frá Rækjuverksmiðju Ole Olsen að Ísafjarðarhöfn og í seinna skiptið frá Tangagötu 6 að útibúi Landsbanka Íslands við Hafnarstræti, þar sem lögreglan kom í veg fyrir frekari akstur hans.

Telst þetta varða við 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958 og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Þess er krafizt, að ákærði verði dæmdur til refsingar, til öku- leyfissviptingar samkvæmt 81. gr. umferðarlaga og 1. mgr. 24. gr. áfengislaga og til greiðslu alls sakarkostnaðar.

Ákærði, sem er fæddur 13. nóvember 1935 á Ísafirði, hefur sætt kærnum og refsingum sem hér segir:

1953 10/12 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir bifreiðalagabrot.

1961 22/12 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir brot á 51., sbr. 65. gr. umferðarlaga.

1963 9/5 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1963 19/8 í Ísafjarðarsýslu: Sátt, 200 kr. sekt fyrir ölvun.

1964 24/4 í Ísafjarðarsýslu: Dómur: 2.000 kr. sekt, sviptur öku- leyfi í 3 mánuði frá lögbirtingu dóms fyrir brot á áfengislögum og umferðarlögum. (Dómsbirting 29. 4. '64).

1964 15/9 í Reykjavík: Sátt, 150 kr. sekt fyrir ölvun.

1965 11/5 í Ísafjarðarsýslu: Áminning fyrir brot á 18. og 19. gr. umferðarlaga.

Málavextir eru þessir:

Sunnudaginn 23. apríl 1967 kl. 1800 var lögreglan á Ísafirði á eftirlitsferð í Aðalstræti. Hjá Batahöfninni stóð bifreiðin Í 1100,

og sat ákærði undir stýri. Við athugun sást greinilega, að ákærði var undir áhrifum áfengis. Hann var fluttur í lögregluvarðstofuna, og tók héraðslæknirinn þar úr honum blóðsýnishorn. Reyndust vera í því reducerandi efni, er samsvara 1.90% af alkóhóli. Ákærði ók bifreiðinni frá rækjuverksmiðju sinni og niður að Bátahöfn. Kvaðst hann hafa neytt slatta af koníaki í rækjuverksmiðjunni og á Bátahöfninni, en neitaði að hafa fundið til áfengisáhrifa. Ákærði kom fyrir dóm og neitaði þá að hafa gefið þessa viðurkenningu og hélt því fram, að hann hefði ekki neytt áfengis, fyrr en hann var kominn niður að Bátahöfn. Hefði hann verið að bíða eftir vélbát og neytt áfengisins, meðan á biðinni stóð. Hefði hann setið í bifreiðinni, meðan hann neytti áfengisins, en ekki gert neina tilraun til að aka henni. Kvaðst hann hafa verið búinn að biðja mann þann, sem sat inni í bifreiðinni hjá honum, að aka henni, vegna þess að hann hefði neytt áfengis, og hefur maður þessi staðfest það.

Föstudaginn 30. júní 1967 var lögregluþjónn nr. 2 á eftirlitsferð um bæinn. Hjá Landsbankanum í Hafnarstræti sá hann bifreiðina Í 1100 á ferð, og var ákærði við stýri. Vegna þess að honum virtist akstur ákærða óöruggur, hafði lögregluþjónninn tal af honum. Sá hann ölvunareinkenni á ákærða. Lagði af honum áfengisþef, augun voru rauð og þrútin. Var farið með ákærða í lögregluvarðstofuna, og læknir tók blóðsýnishorn úr honum. Við rannsókn reyndust vera í því reducerandi efni, sem samsvara 2% af alkóhóli.

Þessi vitni hafa komið í dóm og staðfest vætti sitt með eiði: Guðjón Loftsson skýrði frá því, að ákærði hefði kallað á hann, er hann var staddur niður við Bátahöfn, og beðið sig að tala við sig inni í bifreiðinni Í 1100. Röbbuðu þeir saman nokkra stund, og sat ákærði undir stýri, en enga tilraun gerði hann til að aka. Ákærði bað vitnið að aka sér heim, en hann kvaðst ekki hafa getað það. Vitnið kvaðst hafa veitt því athygli, að ákærði var nokkuð undir áhrifum áfengis, þegar vitnið settist inn í bílinn, en ekki sá það ákærða neyta áfengis. Vitnið sagði, að ákærði hefði ekki verið inni í bifreiðinni, þegar hann bað vitnið að tala við sig.

Vitnið Ólafur Ægir Ólafsson kvaðst hafa séð ákærða aka bifreiðinni niður að höfn og hefði því sýnt ákærði vera undir áhrifum áfengis. Ákærði sat kyrr í bifreiðinni, en ekki sá vitnið hann neyta áfengis í henni.

Vitnið Sigurður Jósef Gunnar Ólafsson kvaðst hafa séð ákærða

aka bifreiðinni niður með Batahöfn, en ekki geta sagt um það, hvort ákærði var undir áhrifum áfengis.

Oddur Oddsson lögregluþjónn kvaðst hafa komið að bifreiðinni Í 1100 niður við Batahöfn, og sat ákærði undir stýri, greinilega ölvaður. Var ekið með hann í lögregluvarðstofuna, og tók læknir þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði hefur viðurkennt að hafa verið að drekka áfengi, áður en hann ók bifreiðinni frá verksmiðju sinni í Sundstræti niður að Batahöfn, en ekki viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa, meðan á akstrinum stóð. Önnur einkenni á ákærða voru þau, að andlit var rjótt, þrætugjarn í framkomu, augu vot, rauð og blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Vitnið sagði fyrir dómi, að ákærði hefði verið mikið ölvaður, þegar hann var handtekinn.

Vitnið Kristján Jón Kristjánsson lögregluþjónn kvaðst ásamt Oddi lögregluþjóni hafa komið að bifreiðinni Í 1100 niður við Batahöfn. Ákærði sat undir stýri og var greinilega undir áhrifum áfengis. Var ekið með hann í lögregluvarðstofuna, og tók læknir þar úr honum blóðsýnishorn. Ákærði hefur viðurkennt, að hann hafi drukkið áfengi, áður en hann ók bifreiðinni frá verksmiðju sinni við Sundstræti niður að Batahöfn, en ekki viðurkennt, að hann hafi fundið til áfengisáhrifa meðan á akstrinum stóð. Önnur einkenni á ákærða voru þau, að andlit var rjótt, þrætugjarn í framkomu, augu vot, rauð og blóðhlaupin, jafnvægi óstöðugt, málfar þvöglulegt og framburður ruglingslegur.

Föstudaginn 30. júní 1967 var vitnið á eftirlitsferð um bæinn. Í Hafnarstræti sá það bifreiðina Í 1100, og var ákærði undir stýri. Virtist hann óruggur við stjórn bifreiðarinnar, og fór vitnið til hans og sá þá, að á honum voru sjáanleg ölvunareinkenni, lagði af honum áfengisþef, og augun voru rauð og þrútin. Farið var með ákærða í lögregluvarðstofuna, og þurfti að beita hann valdi, sakir þess að hann vildi ekki fara þar inn. Læknir tók blóðsýnishorn úr ákærða, og reyndust við rannsókn vera í því reducerandi efni, er samsvara 2.00‰ af alkóhóli.

Önnur einkenni á ákærða við handtökuna voru þau, að áfengisþefur af andliti var talsverður, litarháttur eðlilegur, framkoma var kurteis og æst, augu vot og rauð, jafnvægi stöðugt, málfar skýrt og framburður greinargóður. Vitnið sagði fyrir dómi, að ákærði hefði verið sjáanlega ölvaður. Vitnið Geir Elvar Bæringsson kvaðst ekki hafa séð ákærða neyta áfengis, áður en lagt var á stað, en það var farþegi í bifreiðinni, er lögreglan handtók

ákærða og ók henni að lögregluvarðstofunni. Það kvaðst ekki hafa veitt því sérstaka athygli, að áfengisþef legði af ákærða, og ekki tekið eftir því, hvort hann var undir áhrifum áfengis. Það kvaðst hafa verið starfsmaður ákærða og vitað til þess, að hann neytti oft áfengis og þess vegna hafa verið hætt að veita því sérstaka athygli, í hvernig ástandi ákærði var.

Ákærði hefur haldið því fram, að taka hans við Batahöfnina hafi verið byggð á röngum forsendum. Hann kvaðst ekki hafa verið búinn að neyta áfengis, áður en hann ók niður að Batahöfn 23. apríl 1967, og sé einhver misskilningur í skýrslu lögreglunnar um það, að hann hafi viðurkennt að hafa verið að drykkju í verksmiðjunni, áður en hann lagði af stað. Hins vegar kvaðst hann hafa drukkið áfengi í bílnum niður við Batahöfnina, en þar kvaðst hann hafa beðið um hálfa klukkustund til þrjá stundar-fjórðunga. Ætlun hans hafi verið að hreyfa ekki bifreiðina sjálfur eftir það.

Þá hefur hann haldið því fram, að 30. júní 1967 hafi hann alls ekki verið undir áhrifum áfengis, þegar lögreglan stanzaði hann og lét taka úr honum blóðsýnishorn. Hljóti að hafa orðið einhver ruglingur með blóðið eða alkóhólrannsóknin röng. Kvaðst hann ekki hafa neytt neins áfengis. Hann vakti athygli á því ósamræmi milli niðurstöðu blóðrannsóknar og lögregluskýrslu, að jafnvægi væri stöðugt og málfar skýrt, en 2.00% alkóhólmagn í blóði.

Ákærði krafðist algerrar sýknu.

Samkvæmt upphaflegum upplýsingum ákærða og skýrslu lögreglunnar hefur liðið um fjórðungur stundar, frá því að ákærði ók frá rækjuverksmiðjunni í Sundstræti og þangað til lögregluþjónarnir komu niður að Batahöfn að bifreið ákærða.

Eins og áður greinir, fundust í blóði ákærða, sem tekið var úr honum 23. apríl, reducerandi efni, sem samsvara 1.90% af alkóhóli, en 2.00% í blóði því, er tekið var úr honum 30. júní. Ákærði hefur ekki gert sennilegt, að mistök hafi orðið við rannsókn á blóðsýnishorni, sem tekið var úr honum 30. júní, þó að nokkurt misræmi virðist milli útlitslýsingar og niðurstöðu blóðrannsóknar.

Með gögnum þeim, sem fram eru komin í málinu, verður að telja í ljós leitt, að ákærði hafi verið með áfengisáhrifum, er hann ók bifreið sinni í umrædd skipti, enda verður ekki tekið mark á breytingum ákærða á framburði hans um vinnautn hans fyrir þessum dómi 24. maí 1967 frá því, sem hann viðurkenndi fyrir lögreglumönnunum 23. apríl s. á., og yfirlýsingu hans um það,

að hann hafi fundið til áfengisáhrifa við aksturinn. Hefur ákærði með þessu atferli brotið gegn lagaákvæðum þeim, sem greind eru í ákæruskjali, 2. mgr., sbr. 4. mgr. 25. gr., sbr. 80. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú sömu gr. umferðarlaga nr. 40/1968, og 1. mgr. 24. gr., sbr. 45. gr. áfengislaga nr. 58/1954.

Refsing ákærða fyrir þetta atferli þykir hæfilega ákveðin með tilliti til lagafyrirmæla um ítrekunaráhrif 15 daga varðhald.

Þá ber að svipta hann ökuleyfi ævilangt samkvæmt 81. gr. umferðarlaga nr. 26/1958, nú 81. gr. umferðarlaga nr. 40/1968.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar. Ákærði afhenti ökuskýrteini sitt nr. 970 30. júní 1967 í dóminum.

Dráttur hefur orðið á að ljúka málinu, sakir þess að ekki náðist til ákærða, er var fjarverandi mánuðum saman, og vegna anna dómarans.

Dómsorð:

Ákærði, Ole Nordman Olsen, sæti varðhaldi í 15 daga. Hann er sviptur ökuleyfi ævilangt.

Ákærði greiði allan kostnað sakarinnar.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Miðvikudaginn 22. janúar 1969.

Nr. 233/1968. Ákærvaldið

(Valdimar Stefánsson saksóknari ríkisins)
gegn

Eypóri Magnúsi Kjartanssyni

(Sveinbjörn Jónsson hrl.).

Dóminn skipuðu hinir reglulegu dómarar Hæstaréttar.

Bifreiðar. Brot gegn umferðarlögum og áfengislögum.

Dómur Hæstaréttar.

Framhaldsrannsókn hefur verið háð í málinu eftir upp-sögu héraðsdóms.

Lögreglumennirnir Björn H. Björnsson og Helgi Daniels-